

Samgöngufélagið
Jónas B. Guðmundsson



Svör við nokkrum spurningum varðandi kostnað við Dýrafjarðargöng

Vísað er til tölvupósts dagsettum 31.08.2021

1. Hver var endanlegur kostnaður við gerð Dýrafjarðarganga, þ.e. við göngin sjálf og eftirlit með framkvæmdunum, en að frátöldum kostnaði við gerð aðliggjandi vega, á verðlagi í dag.

Áætlaður heildarkostnaður (þann 5.7.21) alls verksins er 11.700 m.kr. Vinna verktaka er verðbætt en annað á verðlagi þess tíma sem kostnaðurinn varð til. Lokauppgjöri er ólokið þannig að þetta er ekki endanlegur kostnaður þótt ekki muni verða neinar verulegar breytingar á honum. Kostnaðaráætlun frá 26.1.2017 hljóðaði upp á 12.357 m.kr.

Síða 1/2

Áætlaður kostnaður við vegi í Borgarfirði og Dýrafirði er samtals um 1.700 m.kr.

2. Féll einhver aukinn kostnaður til umfram það sem kom fram í útboðsgögnum og þá hver?

Áætlaður kostnaður vegna aukaverka er 145 m.kr. Magnbreytingar í einstökum tilboðsliðum útboðs eru ekki teknar með hér. Fyrirvara þarf einnig að hafa á þessari tölu þar sem lokauppgjör er ekki búið.

3. Einnig er spurt hver kostnaður var við uppsetningu búnaðar til útsendinga útvárps, helst ef unnt er sundurliðað eftir kostnaði við búnaðinn sjálfan og uppsetningu hans og síðan kostnað sem þarf til að virkja búnaðinn sem öryggisbúnað, ljósaskilti o.fl.

Kostnaður vegna útvárps sérstaklega er ekki til staðar þar sem sá kostnaður er samþættur öðrum verkum samkvæmt útboði.

Samskiptakerfi fyrir jarðgöng (Tetra og FM) var boðið út sérstakleg og samningur vegna Dýrafjarðarganga hljóðaði upp á tæplega 36 m.kr.

4. Loks er spurt um ástæðu þess að settur var búnaður til útsendinga útvárps í göngin ásamt tilheyrandí öryggisbúnaði þótt ekki væri, að því er best verður séð, gerð krafa um slíkan búnað í þágildandi reglugerð nr. 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng og þau með fáfornustu göngum, enn sem komið er

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

a.m.k.? Tekið skal fram að því er fagnað að þessu búnaður hafi verið settur upp en e.t.v. má setja spurningamerki við þessa ráðstöfun í ljósi þess að hann er ekki í nokkrum göngum, sem eru mun fjölfarnari.

Eftir að vegagerðin hóf vöktun á jarðgöngum alla daga ársins og allan sólarhringinn fellur útvarpssamband undir viðurkenndan öryggisbúnað enda sé hægt að tala inn á útvarp vegfarenda í göngum. Vegagerðin hefur því ákveðið að stefna á slíkt útvarpssamband í öllum göngum. Fjármögnun á uppsetningu útvarpssambands í eldri göngum þar sem búnaður er ekki fyrir hendi verður í gegnum viðhaldfjárveitingar Vegagerðarinnar og liggur fyrir áætlun um tímasetningar með hliðsjón af þeim.

Síða 2/2

Vegagerðin

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
G. Pétur Matthíasson
